# SANDKORN

## Árshátíðarblað Sandgerðisskóla árið 2022



Vöxtur—virðing—vilji—vinátta

# Útgáfa Sandkorns 2022

Nemendaráð Sandgerðisskóla




Ábyrgðarmaður: Örn Ævar Hjartarson

Forsíðumynd: Konný Hrund  Gunnarsdóttir

**Efnisyfirlit:**


| | |
|---|---|
| Árshátíð 2022 | 4 |
| 10. bekkur á þing | 5 |
| Grettur 2022 | 6 |
| Kveðja frá umsjónarkennara | 7 |
| Teymisstríð | 8 |
| Kveðja frá umsjónarkennara | 9 |
| Teymisstríð | 10 |
| Öskudagur 2022 | 11 |
| Vorferð 9. bekkjar | 12-13 |
| Viðtal við frægan | 14 |
| Teymisstríð | 15 |
| Framtíðarspá | 16-18 |
| Teymisstríð | 19 |
| Fréttir | 20-21 |
| Mottó | 22-23 |
| Fréttir | 24 |
| Orð frá fyrrum nemanda | 26 |
| Fréttir | 27 |

# Árshátíðarsýning 2022 - Latibær

Hin árlega árshátíð yngri nemenda í Sandgerðisskóla var haldin á sal skólans 29. og 30. mars. Að þessu sinni var leiksýningunni Áfram Latibær eftir Magnús Scheving gerð góð skil. Allir nemendur í 1. – 6. bekk ásamt skólahóp leikskólans tóku þátt í sýningunni sem var sú glæsilegasta.














# 10. bekkinn á þing!

*10. bekkurinn fór í borgarferð og heimsóttu þau Skólaþing, Menntaskólann í Kópavogi, Borgarholtsskóla og fóru svo út að borða. Hópurinn stóð sig mjög vel og hafði gaman af.*






















# Grettur 2022!















# Kveðja frá umsjónarkennara

Elsku vinir



Þá er runnin upp sú stund að þið ungarnir í árgangi 2006 eruð að yfirgefa grunnskólahreiðrið og leitið í ný hreiður til að dafna og þroskast enn frekar. Samvera okkar hófst í fyrsta bekk eftir jólafrí en þá varð ég þess aðnjótandi að fá að vera með ykkur í öðrum bekk sem var yndislegur ævintýratími fyrir mig. Við gerðum margt skemmtilegt saman, vorum dugleg að fara í vettvangsferðir og gera ýmsar tilraunir. Þið voruð svo óendalega tilbúin að vera með í öllu verkefnum sem mér kennaranum ykkar datt í hug. Einkenni ykkar var þá eins og nú að vera ávallt áhugasöm, jákvæð, góðir vinir og hjálpsöm. Ég á eftir að sakna þess að fá ekki ljúfa kveðju eða knús frá ykkur á göngum skólans. Að það líti ekki einhver við til að athuga hann geti látið nemendur mína lesa eða bara aðstoða á einhvern hátt. Það eru forréttindi að hafa fengið að kynnast ykkur og fylgjast með ykkur stækka og þroskast hvert og eitt á sinn jákvæðan hátt.

Bjarta framtíð til ykkar allra, með kveðju Lilla



KJÖRBÚÐIN
*í næsta nágrenni*

# Teymisstríð - Þekkjast teymin eitthvað?

Nokkur teymi í skólanum okkar voru spurð nokkrum spurningum og áttu þau einnig að svara um teymisfélagana sína til að athuga hve vel teymin þekkjast.

## Íris (Sindri)



- Litur - Blár (Bleikur)
- Mynd - Dirty Dancing (Avengers Endgame)
- Nammi - Súkkulaði með Daim kurli (Snickers)
- Draumastaður - Hawaii (París)
- Kostir - Öguð, ákveðin og góð (Alltaf glöð, leiðtogi og fyndin)
- Gallar - Óþolinmóð og resting bitch face (Æfingasjúk)
- Skemmtilegast að gera - Vera með fjölskyldunni, æfa og ferðast. (Vera með fjölskyldunni og æfa)
- Söngvari - Michael Jackson (úff..Bruno Mars)
- Kennari - Auður í Gerðaskóla (Sindri og Örn)
- Bragðarefur - Oreo, jarðarber, Daimkurl og heit karamellusósa (Snickers, kökudeig og jarðarber)

## Sindri (Íris)

- Litur - Blár (Blár)
- Kvikmynd - Forrest Gump (Die Hard)
- Nammi - Bombur (Er ekki mikið fyrir nammi en ég myndi segja eitthvað súkkulaði, alls ekki myntu)
- Draumastaður - París (Hawaii)
- Kostir - Fyndinn og jákvæður (Jákvæður, hress og duglegur)
- Gallar - Fljótur að efast um sjálfan mig og fatta hluti seint (Verður aldrei sterkari en Íris :))
- Skemmtilegast að gera - Vera með fjölskyldunni og vinum, spila fótbolta og fara til útlanda (Vera með fjölskyldunni, æfa og horfa á fótbolta)
- Söngvari - The Weekend, Bieberinn flottur og Drake (Bubbi)
- Kennari - Hilmar var hrikalega skemmtilegur og svo var einn í FS sem mér þótti gaman af, Bogi. Íris og Örn fá líka að vera með á þessum lista. (Pottþétt Örn)
- Bragðarefur - Mars, Daim og kökudeig (Jarðaber, Oreo og Þristur)


**Skinnfiskur**

**Styrkti útgáfu Sandkorns 2022**

# Kveðja frá umsjónarkennara

Elsku 10. bekkur

Ég tók við þessum yndislega árgang þegar þið voruð að byrja í 6. bekk. Ég steig þarna inn og lítill sætur hópur tók við mér. Við vorum, eins og þið eruð enn, minnsti árgangur skólans. Mér leið svo vel með þennan frábæra hóp. Við vorum ein heild, eitt lið og mjög svo samrýnd. Ég var með ykkur í eitt og hálft ár því auðvitað varð ég eins og aðrir kennarar á undan að verða ólétt haha. Það sem er mér minnisstætt eru auðvitað allur söngurinn, horfa á Benjamín Dúfu og gráta, taka upp Skólarapp og auðvitað Reykir sem og allur geggjaði lærdómurinn sem ég kenndi ykkur. Á Reykjum voruð þið auðvitað einstaklega góð við ólettan kennara ykkar. Þið voruð algjörlega til fyrirmyndar í þessari ferð og var gaman að upplifa hana með ykkur. Maður fékk að gleðjast með ykkur, gráta því jú mikið drama gerist í svona ferðum. Fékk að heyra frá fyrstu kossum og sjá ykkur móta ný vinasambönd. Þið hafið og munið alltaf eiga stað í hjarta mínu. Það hefur verið einstaklega gaman að fylgjast með ykkar skólagöngu og sjá ykkur þroskast og dafna. Ég er einstaklega stolt af ykkur og heppin að hafa fengið að vera umsjónarkennarinn ykkar og vonandi kennt ykkur eitthvað sem situr eftir. Gangi ykkur vel með allt sem þið takið ykkur fyrir höndum. Þið eruð best!!



Bestu kveðjur, Íris Rut

Tos SMÍÐI
Sími: 869 2068 & 846 5869

# Teymisstríð - Þekkjast teymin eitthvað?

Nokkur teymi í skólanum okkar voru spurð nokkrum spurningum og áttu þau einnig að svara um teymisfélagana sína til að athuga hve vel teymin þekkjast.

## Hilmar (Kolla)



- Litur - Fjólublár (Fjólublár)
- Mynd - The Big Lebowski (Avengers Endgame)
- Nammi - Toblerone (Toblerone)
- Draumastaður - Malta (Emirates Stadium)
- Kostir - Fyndinn og hress (Súper hress)
- Gallar - Óskipulagður (Mottumars)
- Skemmtilegast að gera - Horfa á og þjálfa fótbolta. (Fótbolti og spil)
- Söngvari - Freddy Mercury (David Bowie)
- Kennari - Kolla(Kolla)
- Bragðarefur - Karamelludýr, Mars og Freyju hitt í súkkulaðiís. (Súkkulaði, Mars og Snickers)

## Kolla (Hilmar)

- Litur - Bleikur (Dökkblár, Keflavíkurlitur)
- Kvikmynd - LOTR (The Notebook)
- Nammi - Lakkrísdýr(Toblerone, Góu karamelludýr)
- Draumastaður - Þar sem er sól. (Þar sem er sól og hiti, Tene eða Fórída)
- Kostir - Skipulögð (Skipulögð)
- Gallar - Tala of mikið, (ROSALEGA forvitin)
- Skemmtilegast að gera - Prjóna, æfa og ferðast. (Prjóna)
- Söngvari - Sigga Beinteins (Jahá..ég veit ekki einu sinni hvern ég á að giska á! Beyoncé)
- Kennari - Hilmar (Hilmar)
- Bragðarefur - Jarðaber, Daim, Oreo og hræra extra vel. (Toblerone, Karamelludýr allavega ekki heita karamellusósu)

Airport Associates
-at your service!

# Öskudagur 2022
































# Vorferð 9. bekkjar



Við fórum í 9. bekkjar vorferðina 25. maí og lögðum á stað til Hveragerðis og byrjuðum á því að fara í allskonar þrautir og leiki sem var ótrúlega gaman svo fórum við í stóru aparóluna yfir ána. Við drifum okkur upp og Sara Sist þurfti auðvitað að vera fyrst allir fóru og höfðu gaman nema hann Alli því hann þorði ekki í aparóluna. Svo fórum við að borða á Ölverki og fengum pizzuhlaðborð sem var ótrúlega gott. Eftir pizzuna fórum við á hestbak á Sólhestum sem var ótrúlega gaman en það sem gerði það skemmtilegra var að Berglind fór að gráta áður en við lögðum af stað og í miðjum reiðtúrnum datt hún af hestinum og allir heyra bara´laus hestur'. Wictoria fer á brott og nær hestinum. Berglind missti 4 gervineglur sem mögulega eru inni í hestinum en við fáum víst ekki að vita það. Eftir það fórum við í paintball og voru sumar stelpurnar dálítið hræddar að fara en allir fóru þetta var rosalega gaman eitt liðið vann alltaf sama hvað, sumir fengu svaka marbletti eða kúlur en þetta var þess virði. Eftir paintball fórum við á Hjarðarholt sem við gistum fyrstu nóttina. Þetta var þægilegur staður fyrir svona lítinn bekk því stelpurnar fengu eitt herbergi og strákarnir eitt. Svo voru líka tveir sætir hundar þar. Þetta var mjög þægilegur staður. Það var stórt tún sem strákarnir og Arne köstuðu amerískum fótbolta á milli í 1-2 klukku-tíma og stelpurnar voru á meðan inni í herbergi með tónleika. Eftir það fóru stelpunar í heita pottinn og vorum að dansa þegar Viktor ætlar að koma í heita pottinn en labbar beint burtu en kemur svo aftur með restina á strákunum. Þar höfðum við það öll cozy og köstuðum bolta á milli svo fórum við upp úr og settum maska á suma strákana. Seinna um kvöldið fórum við svo inn í herbergi að hræða Díönu með að djóka að fangi hafi sloppið úr fangelsi hér nálægt og hún var gjörsamlega að drulla á sig en eftir það svaf hún með lykilinn af hurðinni hjá sér . Daginn eftir pökkuðum við og lögðum af stað til









Eyja. Sumir urðu sjóveikir í Herjólfi en annars var þetta alveg skemmtileg bátsferð. Svo fórum við á hótelið okkar en Rakel þurfti að skipta um herbergi vegna myglu. Í hádeginu borðuðum við kínverskan mat sem sumum fannst ekki góður en öðrum fannst þetta svakalega gott. Eftir matinn lá leiðin í Bónus til að kaupa morgunmatinn og smá nammi. Dagskráin hélt svo áfram og fórum við á Hopp hlaupahjól og spóluðum við um eyjuna. Næst fórum við að spranga. Viktor því miður datt en meiddi sig ekki. Klassíska sundferðin var svo næst á dagskrá en trampólín rennibrautin var lokuð og sundæfing í gangi þannig að við vorum bara í setlauginni og heitu pottunum. Svo eftir það fórum við auðvitað aftur í Bónus og svo bara upp á hótelherbergi að slaka á. Strákarnir fóru að skoða sig um og kynntust skvísum úr eyjum og eignuðust Breki og Stanni auðvitað kærustu. Næsti dagur byrjaði á gönguferð yfir hraunið sem endaði í Eldheimum sem var bara nokkuð gaman. Eftir það fórum við á rafmagns þríhjól og keyrðum við út um bryggjuna. Þar keyrði Alla á hurð og hurðin opnaðist og hún reyndi að fara en keyrði lengra inn en komst svo sem betur fer í burtu. Næst fengum við okkur öll svo góðan hamborgara en þurftum að kyngja honum með ömurlegum fréttum að við þurftum að fara heim einu degi fyrr útaf veðri. Allir urðu mjög svekktir og fórum við sorgmædd að pakka. Við lögðum af stað heim í smá vondu veðri, leiðin heim var róleg en skemmtileg og fengum við ís. En til að toppa það en þurftum að borða hann úti í vondu veðri.








# Viðtal við Herra Keflavík



**Fullt nafn:** Andri Már Elvarsson

**Hvaða grunnskóla fórstu í?** Ég byrjaði í Grunnskólanum í Sandgerði, En endaði síðustu 2 grunnskóla árin mín í Holtaskóla í Keflavík.

**Hvað er það erfiðasta við að vera frægur?** Ég held að það sé bara hægt að vera misvel þekktur á Íslandi en ekki beint ''frægur''. En það erfiðasta er að leggja inn alla vinnuna sem maður þarf til þess að ná sínum markmiðum.

**En það besta?** Það besta væri líklega það að kynnast skemmtilegu fólki, og fá að skemmta fólki útum allt land með því að gera það sem ég elska.

**Hvað ertu með marga fylgjendur á Instagram?** Ég er með ca 1700 manns sem fylgja mér á Instagram,  ennþá fleiri á Snapchat og svo er ég nýfarinn að byggja upp TikTok account.



**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Þau eru að semja, boxa, vera með konunni minni og fjölskyldu, einnig finnst mér heillandi að finna hæfileika í öðrum og koma þeim á framfæri.

**Ertu með hulinn hæfileika?** Ég get sippað í hnébeygju, sem ég kallast dvergasipp.

**Bestu vinir:** Bestu vinir mínir eru þrír strákar sem heita Óli,Elvar og Róbert. En tilþess að segja frá þá byrjuðum við Aníta konan mín sem bestu vinir í 8.bekk þegar hún flutti til Sandgerðis frá Njarðvík.

**Uppáhalds söngvari:** Það eru svo margir allt frá Justin Beiber, Nate Dogg, Bubbi Morthens, og óteljandi fleiri.

**Hvað gerir þú í frítímanum þínum?** Ég nota alla frítímana mína til þess að slaka á, hugleiða og fara í sund. Þannig daga kýs ég að kalla ''Recovery Day''.

**Ertu með skilaboð til nemandana í Sandgerðisskóla?** Já. Ég vil bara segja ykkur það, að allt er mögulegt! Sama hver þú ert, sama hvaðan þú kemur. Við getum öll gert það sem við elskum að gera og gert það vel og náð langt. Hver sem er getur það. Þú þarft bara að hafa meiri trú á þér en nokkur önnur manneskja. Þú þarft að hafa trú á sjálfum þér! Ef þú finnur þér eitthvað sem þú elskar að gera, gerðu það þá með hreinu hjarta. Því við verðum öll að gera það sem nærir okkur.

*Lífið snýst ekki um peninga eða flottustu fötin, Lífið snýst um ást og frið.*



PS. Ég vil skila kveðju á allt frændfólkið mitt í Sandgerðisskóla !

Gangi ykkur öllum vel í lífinu þið í Sandgerðisskóla! Ég óska ykkur velgengni og hamingju.

Kær kveðja Andri Már, Herra Keflavík

# Teymisstríð - Þekkjast teymin eitthvað?

Nokkur teymi í skólanum okkar voru spurð nokkrum spurningum og áttu þau einnig að svara um teymisfélagana sína til að athuga hve vel teymin þekkjast.



## Rakel Rós (Guðbjörg)

- Litur - Bleikur og svartur (Bleikur)
- Mynd - Horfi svo lítið á myndir (Love and Basketball)
- Nammi - Sykurhlaup og hvítt súkkulaði (Hvítt súkkulaði)
- Draumastaður - Balí, Bora Bora og Maldíveyjar (Balí)
- Kostir - Róleg og umhyggjusöm (Góð vinkona)
- Gallar - Gleymin og óstundvís (Örlítið utan við sig af og til)
- Skemmtilegast að gera - Samvera með fjölskyldu og vinum, ferðast, útivist og hreyfing. (Ræktin)
- Söngvari - Enginn sérstakur, hlusta á allt. (Celine Dion)
- Kennari - Amma Tóta, Þórunn Tryggva (Gugga litla)
- Bragðarefur - Hvítt súkkulaði, heit karamellusósa og Daim. (Nóa Kripp, heit karamellusósa og Mars)

## Guðbjörg (Rakel Rós)

- Litur - Enginn (Svartur)
- Kvikmynd - Toy Story (Christmas Vacation)
- Nammi - Pipar Nóa Kropp(Bökunarsúkkulaði)
- Draumastaður - Balí (Þar sem er sól)
- Kostir - Góð vinkona (Ákveðin, fyndin, hress og traust)
- Gallar - Þrjósk, (Fljót að verða vandræðaleg...kannski ekki ókostur en fyndin staðreynd)
- Skemmtilegast að gera - Margt og mikið. (Samvera með fjölskyldu og vinum, ferðast og fótbolti)
- Söngvari - Ekki hugmynd (Fríða Dís frænka hennar)
- Kennari - Rakel (Henni er illa við alla kennara...Djók ;))
- Bragðarefur - Jarðaber, kókosbollur og Oreo. (Þristur og ??)






**Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu spákonu til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.**

### Alexander Aron Gunnarsson

Aron klárar framhaldsskóla en verður mold ríkur eftir Bit Coin brask. Hann flytur til Nígeríu og giftist kvikmyndastjörnu. Eftir nokkur ár í Nígeríu kaupa þau sér bóndabæ á Íslandi þar sem þau fara í samstarf við SS.

### Alexander Breki Baldursson

Mun búa í Sandgerði hann stofnar sitt eigið fyrirtæki sem framleiðir svifbretti. Fyrirtækið slær í gegn og svifbrettin verða vinsælasta jólagjöfin árið 2038. Hann kynnist konu í tengslum við vinnuna og giftist henni, nokkrum árum seinna hafa þau eignast 6 börn saman.

### Alicja Íris Grochólska

Hún giftist erlendum manni 21 árs gömul og eignast 2 börn með honum. Hún fer í dansskóla, útskrifast sem dansari og verður svo heimsfrægur dansari. Þau lifa frábæru lífi í Frakklandi.

### Benedikt Ingi Björnsson

Þú kemst í Borgó. Í framtíðinni munt þú verða verkfræðingur og hannar flugbíla. Þú ferð í ræktina 5 sinnum í viku og verður í frábæru formi. Þú verður 38 ára þegar þú giftist. Þú stofnar fyrirtæki sem framleiðir mínihreyfla fyrir flugbíla og verður milljarðamæringur.

### Berglind Ósk Lindbergsdóttir

Hún mun verða förðunarfræðingur, hún giftist frægum söngvara og vekur athygli fyrir frábæra förðum á meðlimum hljómsveitarinnar. Þau setjast að í heimalandi hans, Bretlandi og búa í glæsilegu húsi ásamt börnum sínum.

### Díana Guðrún Kristinsdóttir

Hún klárar framhaldsskóla og háskóla. Eftir skólana eignast hún mann og fjögur börn. Hún mun ættleiða tvö börn og eignast hin tvö börn. Hún mun ferðast með fjölskylduna um allan heim. Hún verður hjúkrunarfræðingur og mun hjálpa fullt af fólki.

**Elísabet Olga Óskarsdóttir**

Mun fara í háskóla í Bandaríkjunum og fer að læra fatahönnun. Hún hannar sína fatalínu og opnar verslanir sínar um allan heim. Hún verður í samstarfi við Dior, Gucci, Loui Vuttion. Hún verður milljónamæringur og eignast risastórt hús fyrir flottu fjölskylduna sína.

**Emilía Björg Bragadóttir**

Hún giftist 20 ára gömul og eignast tvíbura. Hún fer í FS en hættir með manninum sínum 25 ára gömul. Þá ferðu aftur í skóla og lærir að vera hárgreiðslukona. Hún kynnist nýjum manni, eignast 3 börn til viðbótar og þau lifa hamingjusömu lífi.

**Gunnar Freyr Þórðarson**

Þú kemst inn í Borgó. Í framtíðinni munt þú stofna bifvélaverkstæði með Viktori. Þú átt eftir að eignast yndislega eiginkonu og tvö börn. Þegar Viktor flytur erlendis tekur þú yfir verkstæðið. Áhugamálið þitt verður alltaf hnefaleikar og þú munt stofna hnefaleikafélag Suðurnesja bæjar þar sem allir sem hafa áhuga geta æft ókeypis.

**Maxwell Isaac Oriri**

Hann verður iðnaðarmaður, þekktur fyrir að hanna og byggja glæsilegustu byggingar landsins. Hann giftist og þau munu eignast 5 börn. Hann fer snemma á eftirlaun og fjölskyldan flytur til Californiu.

**Óðinn Þór Pétursson**

Óðinn fer í MK og lærir að vera bakari. Hann stofnar sitt eigið bakarí á Suðurnesjunum. Auka vinnan hans verður að laga vespur um helgar, hann mun eignast fjögur börn sem munu hjálpa honum í bakaríinu. Bakaríið verður það allra vinsælasta og fólk kemur alls staðar frá til að smakka bakkelsið hans.

**Sara Mist Atladóttir**

Mun flytja til Bandaríkjanna til að fara í Háskóla. Hún mun ferðast um allan heim, þegar hún er að ferðast fer hún m.a. til Flórída og kynnist manni þar sem er atvinnumaður í fótbolta. Þau flytja til Los Angeles saman svo hann geti spilað þar. Þau giftast og eignast 4 börn og eiga frábært líf í Bandaríkjunum.

**Stanislaw Hawrylewicz**

Hann mun búa heima hjá besta vini sínum á meðan hann klárar FS. Svo fer hann í háskóla á raunvísindabraut og kynnist þar tilvonandi eiginkonu konu sinni. Þau giftast og eignast 4 börn og kaupa sér glæsileg hús og lifa hamingjusömu lífi.

### Stefanía Ósk Halldórsdóttir

Þú verður besti sundþjálfari landsins. Orðspor þitt spyrst út og mun Ástralska sundsambandið ráða þig sem þjálfari. Þú flytur til Ástralíu þar sem þú kynnist eiginmanni þínum sem er milljónamæringur. Þið stofnið fjölskyldu og lifið hamingjusöm í hitanum í Ástralíu.

### Viktor Tristan Árnason

Hann verður bifvélavirki hann mun vinna einstakt starf í uppbyggingu gamalla kagga. Hann stofnar bifreiðaverkstæði með vini sínum en selur það svo þegar hann flytur með fjölskyldunni til Kúbu. Hann eignast stóra fjölskyldu, þau ferðast og fara um allan heim með bílana sína á bílasýningar og keppnir.

### Wictoría Rún Tindskarð

Wictoria verður fatahönnuður og flytur til New York, hún verður Victoria's Secret módel. Wictoria verður milljónamæringur þegar hún giftist ríkum manni. Hún eignast tvö börn og opnar sína eigin fatabúð í New York.

ICE FRESH SEAFOOD

SAMHERJI
FISKELDI

# Teymisstríð - Þekkjast teymin eitthvað?

Nokkur teymi í skólanum okkar voru spurð nokkrum spurningum og áttu þau einnig að svara um teymisfélagana sína til að athuga hve vel teymin þekkjast.



## Jói (Íris)

- Litur - Rauður (Silfurlitaður)
- Mynd - Step Brothers (Zombies á sjó)
- Nammi - Þristur og Kúlusúkk (Bombur)
- Draumastaður - Balí (Lengst inni í skógi í Danmörku eða Noregi með fjölskyldunni að ævintýrast)
- Kostir - Tillitsamur og jákvæður (Góður teymisfélagi, duglegur að hrósa og skemmtilegur)
- Gallar - Gleyminn og hlustar stundum ekki (Stundum of skemmtilegur að við komum engu í verk)
- Skemmtilegast að gera - Fara á snjóbretti með vinum og fara í Playstation (LEGO og finnst fátt betra en að fá að vera í friði)
- Söngvari - Stebbi Jak og Whitney Houston (mest spilaði playlistinn hans er GuliKjarni - Sólborg Sandgerði..hvað sem það nú er)
- Kennari - Íris (Ég! Who else?)
- Bragðarefur - Þrist, Mars, Nóa Kropp og jarðaber. ()

## Íris (Jói)

- Litur - Blár (Blár)
- Kvikmynd - Love and Basketball (Love and Basketball)
- Nammi - Ritter Sport marzipan (Síríus rjómasúkkulaði með trompbitum)
- Draumastaður - Spánn verður alltaf fyrir valinu hjá mér því það eru svo margir fallegir staðir þar. (Spánn)
- Kostir - Sjúllað skemmtileg (Yndisleg, jákvæð og svo bara skemmtileg)
- Gallar - Skemmtileg nema þegar ég er ekki skemmtileg, (Er með enga galla)
- Skemmtilegast að gera - Að fara til útlanda. (Sofa út og fara í Rvk með fjöllunni)
- Söngvari - Beyoncé (Whitney Houston)
- Kennari - Jóhann Páll er bestur (Jói)
- Bragðarefur - Snickers, Daim og Þristur. (Snickers, kókosbollur og hnetusmjör)

VS
VÉLSMIÐJA SANDGERÐIS
ALMENN JÁRNAVINNA VIÐGERÐIR OG NÝSMÍÐI

# Bollukappát á bolludaginn

Nemendaráð Sandgerðisskóla hélt upp á bolludaginn eins og flestir nemendur skólans með bolluáti. Þau ákváðu hins vegar að vera með kappát á sal þar sem valdir voru af handahófi tveir nemendur úr hverjum bekk til að borða bollur á í keppni við samnemendur sína. Mikil stemning myndaðist á sal þar sem nemendur létu vel í sér heyra við að styðja við bakið á keppendum.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af keppendum í miðju átinu.














**Hár- snyrti- og nuddstofan SPEZ**

Sími: 4237953

Miðnestorgi 3, 245 Suðurnesjabæ

# Bleiku snúðarnir gáfu vel - Nemendafélagið styrkti gott málefni

Nemendafélag Sandgerðisskóla stóð fyrir fjáröflun í bleikum októbermánuði þar sem þau buðu til sölu bleika snúða frá Sigurjónsbakarí. Snúðarnir voru seldir á a.m.k. 300kr. stykkið og gat fólk borgað það sem vildi fyrir snúðinn. **Salan gekk mjög vel og seldu þau tæplega 500 snúða og söfnuðust 115.000kr.** Nemendafélaginu fannst það mest viðeigandi að styrkja málefni sem tengdist börnum og var Styrktarfélag Krabbameinssjúkra Barna fyrir valinu. Nemendafélagið þakkar góðar móttökur í sölunni og er stolt að því að styrkja gott málefni.



**Skálinn-Sandgerði**
Strandgötu 15,
245 Suðurnesjabæ

# Lífsmottó 10. bekkjar

### Alexander Aron



1v1 mih í fortnight

### Alexander Breki



Tökum einn dag í einu.

### Alicja Íris



If idiots could fly, this place would be an airport

### Benedikt Ingi



### Berglind Ósk



My computer screen is brighter than my future.

### Díana Guðrún



They don't know we know they know

### Elísabet Olga



Just ended my 10 year prison sentence

### Emilía Björg



It was not like High School Musical at all

### Gunnar Freyr



Get rich or die trying.

Maxwell Isaac



When in doubt go blackout.

Óðinn Þór



• -•- -•- •• -
•• • - - •-

Sara Mist



The office: Sería 7, þáttur 19, mínuta 14:45.

Stanislaw



If you can´t find something to live for you better find something to die for

Stefanía Ósk



Honestly IDRGAF

Viktor Tristan



Life is too short to drive boring cars

Wiktoría Rún



Fake it till you make it.



# Hrekkjavaka

Í Suðurnesjabæ er hrekkjavaka orðin árlegur viðburður þar sem allar stofnanir og íbúar sveitarfélagsins taka þátt. Sandgerðisskóli tók því auðvitað þátt og mættu allskonar kynjaverur í skólann í morgun.

Nemendaráð sá um að halda uppi hræðilegu draugahúsi sem allir bekkir fengu að prófa.


















NÝ-FISKUR

NÝ-FISKUR

NÝ-FISKUR

# Lífið eftir 10. bekk - Orð frá Lovísu



Eftir 10. bekk fór ég að vinna í fisk um sumarið og byrjaði síðan í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Ég hef verið að þjálfa fimleika í allan vetur líka. Það er mikill munur á bæði félagslífinu og náminu í FS og grunnskóla. Maður er ekkert með vinum sínum allan daginn lengur heldur frekar með bara helling af krökkum sem maður hefur kynnst. Námslega séð hefur ábyrgðin bara orðið meiri að passa upp á allt sem þú þarft að gera. Erfiðast finnst mér hvað öll verkefnin og prófin lenda oft í nákvæmlega sömu viku en síðan varla neitt í öðrum vikum, en skemmtilegast myndi ég segja hvað ég er búin að kynnast mörgum og eignast skemmtilega vini. Félagslífið er búið að vera mikið stopp vegna covid en það er loksins að byrja aftur og við erum búin að fara á tvö böll. Mesta breytingin á félagslífinu er hvað allt er miklu þroskaðara. Ég sakna mest bekksins míns og kennaranna, maður er ekkert að mæta og hitta sömu krakkana í hverjum tíma og þrátt fyrir að kennararnir í FS eru æði þá sakna ég allra grunnskóla kennaranna minna. Ég mæli algjörlega með FS og það kom mér alveg á óvart hvað það er gaman þar og ég hef ekkert til að setja út á hann.

SouthAir
-at your service!

# Glæsilegur árangur Sandgerðisskóli í lestrarkeppninni Samrómur

Samrómur lestrarkeppni grunnskóla stóð yfir dagana 20. - 26. janúar 2022. Sandgerðisskóli eins og svo margir aðrir grunnskólar tóku þátt í keppninni með glæsilegum árangri.

Í gær voru fulltrúar skólans viðstaddir athöfn á Bessastöðum þar sem forseti Íslands afhenti verðlaun og viðurkenningar fyrir frammúrskarandi árangur.

Veitt voru verðlaun til skólanna sem voru í fyrsta sæti í sínum flokki, auk þess fengu þrír skólar sem lásu mest þvert á flokka viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Skólarnir sem sigruðu sína flokka voru Salaskóli, Smáraskóli og Höfðaskóli. Skólarnir sem fengur viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur voru við í Sandgerðisskóla, Öxarfjarðarskóli og Gerðaskóli.

Þeir nemendur sem tóku á móti verðlaununum fyrir hönd skólans voru þau Dóróthea Sjöfn Róbertsdóttir og Róbert Sölvi Blöndal en þau eru bæði nemendur í 5. bekk.

Keppnin var hreint út sagt ótrúleg og allir sem tóku þátt eiga hrós skilið.















# Til hamingju árgangur 2006!

## Við erum stolt af ykkur.

SUÐURNESJABÆR

VELKOMIN Í SUÐURNESJABÆ